

Viljayfirlýsing um samstarf

Minjastofnunar Íslands og Vatnajökulsþjóðgarðs

Minjastofnun Íslands (kt. 4401130280) og Vatnajökulsþjóðgarður (kt. 441007-0940) hafa komist að samkomulagi um að vinna að aukinni samvinnu stofnananna með það að markmiði að auka upplýsingamiðlun um menningarminjar innan þjóðgarðsins og vernd þeirra.

Vatnajökulsþjóðgarður og Minjastofnun Íslands sinna mikilvægum hlutverkum við að varðveita íslenska náttúru og minjar og miðlun upplýsinga um þær.


Hjá hvorri stofnun fyrir sig er að finna sérhæfða þekkingu og er ætlunin með samstarfi milli stofnananna að nýta betur þá þekkingu og mannauð.

Á grundvelli framangreinds hafa forstöðumenn Minjastofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs ákveðið að auka samvinnu sína með eftirfarandi markmið í huga:

- Styrkja báðar stofnanirnar við að sinna lögbundnum verkefnum á sviði miðlunar og verndar
- Efla samstarf og miðlun þekkingar meðal starfsmanna
- Efla samstarf við vernd menningarminja innan þjóðgarðsins
- Viðhalda og fjölga störfum utan höfuðborgarsvæðisins

Á grundvelli framangreinds munu Vatnajökulsþjóðgarður og Minjastofnun hefja vinnu við að skilgreina afmörkuð samstarfsverkefni sem sett verða fram í viðaukum við þessa samstarfsyfirlýsingu. Sérstök áhersla til að byrja með verður lögð á verkefni í Skaftafelli og Mývatnssveit.

30. maí 2022



Kristín Huld Sigurðardóttir

forstöðumaður Minjastofnunar Íslands



VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR
NATIONAL PARK
Kt. 441007-0940

Magnús Guðmundsson

framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs